

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna.

Lög um breyting á 1. gr. í lögum 2. febrúar 1894 um breyting á opnu brjefi 29. maí 1839 um byggingarnefnd í Reykjavík undirskrifuð af konungi 15. ágúst 1902 (A nr. 22, bls. 68—69).

Auglýsing um bólusótt í Þórshöfn m. m., undirskrifuð af ráðgjafanum fyrir Island 27. ágúst 1902 (A nr. 23, bls. 70—71).

Opíð brjef um að alþingi, sem nú er, skuli leyst upp, undirskrifað af konungi 25. septbr. 1902 (A nr. 24, bls. 72—73).

Opíð brjef um nýjar kosningar til alþingis, undirskrifað af konungi s. d. (A. nr. 25, bls. 74—75).

Fjáráukalög fyrir árin 1902 og 1903, undirskrifuð af konungi s. d. (A. nr. 26, bls. 76—79).

Víðaukalög við lög 6. apríl 1898 um bann gegn botnvörpuveidum, undirskrifuð af af konungi s. d. (A. nr. 27, bls. 80—83).

Lög um sildarnætur, undirskrifuð af konungi s. d. (A nr. 28, bls. 84—85).

Lög um breyting á lögum fyrir Ísland 13. septbr. 1901 um tilhögun á löggæzlu við fiskiveiðar í Norðursjónum, undirskrifuð af konungi s. d. (A nr. 29, bls. 86—87).

Víðaukalög við lög 12. janúar 1900 um stofnun veðdeildar í landsbankanum í Reykjavík, undirskrifuð af konungi s. d. (A. nr. 30, bls. 88—89).

Lög um breyting á lögum um heimild til að stofna hlutafjelagsbanka á Íslandi 7. júní 1902, undirskrifuð af konungi s. d. (A. nr. 90—91).

Fjárskilareglugjörð

fyrir hreppana milli Þjórsár og Hvítár (Ölfusár) í Árnessýslu.

79
5. ágúst

Amtsráðið í Suðuramtinu

Gjörir kunnugt: Samkvæmt lögum 22. marz 1890, um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda og lögum 24. nóv. 1893, um breyting á 3. gr. í fyrnefndum lögum 22. mars 1890, er hjer með staðfest og löggilt eptirfylgjandi

Fjárskilareglugjörð

fyrir hreppana milli Þjórsár og Hvítár (Ölfusár) í Árnessýslu, sem samin er af sýslunefndinni þar, og skal reglugjörðin öðlast gildi 1. sept. 1902.

I. kafli.

Um afrjetti og heimildir fyrir notkun þeirra.

1. gr. um afrjetti.

Þeir eiga afrjett, sem að fornu hafa átt. Afrjettur Hrunamannahrepps er milli Hvítár og StóruLaxár, afrjettur Flóa og Skeiðamanna milli Stóru-Laxár og Fossár, afrjettur Gnúpverja milli Fossár og Þjórsár. Að öðru leyti fara mörk afrjettanna eftir landamerkjaskrá og fornri venju. Austasti hluti af afrjetti Flóa- og Skeiðahreppa er sjerstaklega nefndur Skeiðamannaafriettur.

31. dag októbermánaðar 1902.

Reykjavík. — Ísafoldarprentsmíðja.

79

5. ágúst

2. gr. Um upprekstrarskyldu.

Þeir, sem nægilegt afrjettarland eiga fyrir þann búpening sinn, er þeir ekki þurfa að hafa heima á sumrum, eða geta fengið leigðan afrjett fyrir hann, skulu reka til afrjettar geldfje sitt og lömb, svo og hrossastóð og geldneyti, þó með takmörkun þeirri, sem segir í 3. gr.

3. gr. Um upprekstrarbann.

Eigi má reka á afrjett Flóa- og Skeiðamanna hross nje geldneyti. Á afrjettina má eigi reka dilkær, eldri en tvævetrar, nema áður hafi verið reknar til afrjettar og tollað þar.

4. gr. Um ítölu.

Enginn má ljá öðrum ítölu sína í afrjetti nema með leyfi hlutaðeigandi hreppsnefndar, enda sje afrjettarland viðurkennt nægilegt. Enginn má heldur leyfa öðrum sumarreit fyrir afrjettarfje í heimalandi sínu, nema með leyfi allra nágretta sinna og samþykki hreppsnefndar.

5. gr. Um ítök.

Sá sem ítak á í afrjetti, má leigja það öðrum ef hann ekki notar það sjálfur. Ef mörk ítaks eru óákveðin, skal mega reka í það jafnmargt afrjettarfje sem góð jörð í þeirri sveit, er að þeim afrjetti liggur, állzt að bera af þesskonar fje, eftir mati óvilhallra manna, er sýslumaður tilnefnir, ef með þarf, nema öðru vísi verði um samið, eða ákveðið með lögmætri gjörð eða dómi.

6. gr. Um óleyfilegan upprekstur.

Enginn má reka geldfje sitt nje neinn búpening í heimalönd nje afrjettarlönd annara án leyfis þeirra, er eiga.

7. gr. Um yrkingu afrjetta.

Enginn má yrkja eða nota afrjettarlönd til annars en beitar að sumrinu, nema með leyfi hreppsnefnda þeirra sveita, er afrjettinn eiga.

II. kaffi.

Um fráfarur.

8. Um fráfarutíma.

I Gnúpverja- og Hrunamannahreppum skulu fráfarur lamba fara fram á þeim tíma, sem hreppsnefndir ákveða eða bændur koma sjer saman um á fundi. Í Skeiða- og Flóahreppum eru allir búendur skyldir að færa frá á þremur dögum í röð, á þeim tíma sem hlutaðeigandi hreppsnefndir fyrirskipa með ráði hreppsbanda.

9. gr. Um stekkhlaup lamba.

Áður en fráfarð lömb eru rekin til fjalls, skal láta þau hlaupa um stekk eigi skemur en 12 klukkustundir.

III. kaffi.

Um upprekstra til afrjettar.

10. gr. Um rekstrartíma.

Á Hrunamanna- og Gnúpverjaafrjetti má reka, þá er hlutaðeigandi hreppsnefndir leyfa. Á Flóamannafrjett má eigi reka fyr en í fyrsta lagi 12.

júni, nema full vissa sje fengin fyrir því, að búið sje að leita dýraleit á Flóamanna- og Gnúpverjaafrjettum og hreinsa þá að ullarfje. 79
5. ágúst.

11. gr. Um rekstrarstaði.

Á Hrunamanna- og Gnúpverjaafrjetti skal reka í þá staði, sem hreppsnefndir þeirra hreppa ákveða með ráði hreppsbanda. Á Flóamannaafrijetta skal reka á þessa rekstrarstaði: Sandvíkurhreppur í Kamb; Hraungerðishreppur í Kiljansfítjar; Villingaholtshreppur innst á Hestfjallaver; Gaulverjabæjarhreppur í Kinnarver; Stokkseyrarhreppur í Kinn; Skeiðahreppur í Fossárdal og Fitjarása. Sektum varðar það, ef rekið er á aðra staði, nema sannað sje að ekki hafi annað verið mögulegt.

Eyrarbakkahreppur telst hjer með Stokkseyrarhreppi, svo sem þeir væri 1 hreppur. Svo er og hvervetna annarsstaðar í reglugjörð þessari.

12. gr. Um rekstrarmenn.

Hverjum rekstri fylgi nægilega margir menn eptir því sem hreppsnefndir ákveða, sömuleiðis nægilega útbúnir að hundum, hestum og öðru.

13. gr. Um rekstrarforingja.

Einn sje foringi fyrir hverjum rekstri. Hann skipar fyrir um alla nánari tilhögun á rekstri þeim, er honum er trúað fyrir og sjer um, að reglum þessum sje hlýtt. Hann ber ábyrgð á slíku gagnvart hreppsnefnd sinni, en hún aptur gagnvart þeim, er kæra, ef til kemur. Í Skeiða- og Flóahreppum tiltaka hreppsnefndirnar foringja þessa, og velja til þess valinkunna menn og áreiðanlega.

14. gr. Um tilkynningu rekstra.

Hreppsnefndirnar í Skeiða- og Flóahreppum eru skyldar að tilkynna með nægum fyrirvara hreppsnefndunum í sveitum þeim, sem leið rekstra liggur um, hvaða daga lömb eru rekin.

15. gr. Um fjárgæzlu meðan á upprekstrum stendur.

Allir búendur, sem búa nálægt þeim stöðum, sem vant er að reka fje um til afrjettar, eru skyldir að gæta búsmala síns meðan á rekstrum stendur, að eigi lendi hann saman við rekstrana.

15. gr. Um reksturinn.

Reka skal hægt og gætilega og ægja svo opt sem þört gjörist. Eigi má að óþörfu reka yfir engjar og aldrei ægja í slægjulöndum. Eigi má skilja fje eptir í heimalöndum, sem um er farið, nema brýn nauðsyn sje til sökum þess að fje sýkist á leiðinni. Egi má heldur hleypta óviðkomandi fje saman við rekstra; fari fje saman við reksturinn og rekstrarmenn geti ekki skilið það frá, skal leita aðstoðar af næstu bæjum, ef í byggð er, og eru allir skyldir að veita rekstrarmönnum slíkt lið ókeypis, ef unnt er.

17. gr. Um eptirskilið fje í heimalöndum.

Ef rekstrarmenn skilja fje eptir af rekstrum í heimalöndum án ráðstöfunar, eða nær búfjárhögum en segir í 11. gr., taka hlutadeigandi bændur það til gæzlu og tilkynna það jafnframt hreppsnefnd sinni. Ráðstafar hún þá fjenu. Rjett er að hún láti reka fjed á rjettan afrijetta á kostnað þeirra, er fjed skildu eptir, ef það hefir verið skilið eptir að nauðsynjalausum. Liggur sá reikningur

79 undir úrskurð sýslumanns, og heimtar hann endurgjaldið af hlutaðeigendum, svo 5. ágúst og ákveður sekt ef þurfa þykir.

18. gr. Um viðskilnað á rekstrum.

Þá er komið er á hina ákveðnu rekstrarstaði, skal sitja yfir rekstrinum, ef hlutaðeigandi hreppsnefndir skipa svo fyrir, og ráða þær þá, hve lengi. Að öðrum kosti skulu rekstrarmenn dvelja hjá rekstrunum að minsta kosti 6 klukkustundir, dreifa þeim haganlega og spekja þá.

IV. kafli.

Um meðferð á framrunnu fje.

19. gr. Um skyldu manna að halda fje til afrjettar.

Ef ekki eru girðingar eða verðir milli afrjetta og heimalanda, sem varna fje að renna fram, þá skulu allir bændur, sem við afrjett búa, gjöra sjer allt far um að halda til afrjettar öllu því fje, sem þaðan kann að renna í byggðina, að minnsta kosti þangað til 16 vikur eru af sumri, að svo miklu leyti sem slíkt er mögulegt. Fram að þeim tíma mega menn því ekki reka fje úr löndum sinum til þeirra, sem neðar búa í byggðinni.

20. gr. Um kærur útat tjóni af afrjettarfje.

Þá er að minnsta kosti 6 bændur, er búa næst afrjetti, að meðtöldum þeim, er búa við fjallönd þau, er Flóa- og Skeiðamönnum ber að smala með fjalleitum, sbr. 39. gr., kvarta yfir því við hreppsnefnd sína, að svo mikið fje sje runnið fram í byggðina, að verulegt tjón stafi af á málnytu eða slægjum, þá skal hreppsnefndin taka það til greina og ráðstafa nýjum upprekstri á hinu framrunna fje, sje ekki liðið fram yfir 16 vikur af sumri. Þó skal því að eins gjöra nýjan upprekstur á afrjetti Hrunamannahrepps og Gnúpverjahrepps, að minnsta kosti þriðjungur búenda í hvorri sveitinni fyrir sig sje því samþykkur. En skyldir eru eigendur að hirða fje sitt, ef eigi er upp rekið.

21. gr. Um upprekstrarskyldu á framrunnu fje á Flóamannaafriett.

Gnúpverjahreppur og Skeiða- og Flóahreppar allir eru skyldir að annast upprekstra þess fjár, sem rennur í byggðina í Gnúpverjahrepp af afrjetti Flóa- og Skeiðamanna, þá er hreppsnefnd Gnúpverja segir til. Eigi verða þó fleiri en 3 slíkir upprekstrar heimtaðir á sama sumri; hinn fyrsti eigi fyr en vika er liðin frá því að lambarekstrinum er lokið á Flóamannaafriett, og hinn síðasti ekki fyr en 16 vikur af sumri. Kostnaðurinn við upprekstra þessa komi jafnt niður á alla þessa 7 hreppa. Ber hverjum hreppi að leggja til upprekstrarins 2 menn vel hestaða og vel útbúna að öðru leyti. Skeiða- og Flóahreppar kaupa til upprekstrar þessa menn í Gnúpverjahreppi og tilkynni hlutaðeigandi hreppsnefndir hreppsnefndinni í Gnúpverjahrepp fyrirfram hverjir í þeim hreppi eigi að leggja til rekstrarmenn fyrir Skeiða- og Flóahreppana. Vanti menn frá einhverjum hreppa þessara, kaupir hreppsnefnd Gnúpverja menn á kostnað þeirra,

22. gr. Um tilhögun upplestra framrunnins fjár á Flóamannaafriett.

Hreppsnefndin í Gnúpverjahreppi tiltekur tímenn, þá er reka skal og tilkynnir það hreppsnefnd Skeiðahrepps. Smala skal Gnúpverjahrepp og Skeið; annast hlutaðeigandi hreppsnefndir um, að það sje gjört. Fjárstafnið, sem kemur

af Skeiðum, annast hreppsnefndin í Skeiðahreppi um, að rekið sje til Skaptholtsrjettar gegn 6 kr. endurgjaldi í hvert sinn af leifum andvirðis óskilafjár, sem Skeiða og Flóahreppum kann að bera, ella af hlutaðeigandi hreppum, jafnmikið af hverjum. Til Skaptholtsrjettar sje og rekið fje það úr Gnúpverjahrepp, sem finnst fyrir framan þá rjett. Hið annað rekstrarfje hirða rekstrarmenn á upp-bæjum Gnúpverjahrepps, þá er þeir fara þar um. Reglur þær, sem gilda um fyrstu rekstra, gilda einnig um upprekstra þessa, að því leyti, sem þær geta átt við. Hreppsnefnd Gnúpverja skipar að öðru leyti fyrir um alla nánari tilhögun á þeim, og tiltekur rekstrarforingja.

23. gr. Um síðar framrunnið fje.

Nú rennur fje enn fram af Flóamannaafrijetti eptir að 16 vikur eru af sumri, og skal þá lofa því óhindruðu að halda sína leið til áttþaga sinna.

V. kafli.

Um fjallskil.

24. gr. Um skyldur til fjallskila.

Allir, sem hafa undir höndum að minnsta kosti 6 sauðkindur, eru skyldir til þess, að taka þátt í fjallskilum, eptir því sem hlutaðeigandi hreppsnefnd skipar fyrir um; en hreppsnefndir skulu við niðurjöfnun fjallskila stilla svo til, að fjallskil komi ljettara niður á þeim, sem fátækir eru, að svo miklu leyti, sem slíku verður við komið. Hver skal gjöra fjallskil á þann afrijet, sem hann notar, en eigi á sinn eiginn afrijet, ef hann ekki notar hann, nema því að eins, að hlutaðeigandi hreppsnefnd álíti það nauðsynlegt, sökum mannfæðar við fjársöfnun á afrijetti, að hann einnig taki þátt í því, að leita á sínum eigin afrijetti.

25. gr. Um undirbúning fjallskila.

Hver hreppsnefnd heldur almennan fjallskilafund í sveit sinni, að minnsta kosti viku áður en fjalleitir byrja. Til fundar þessa sje boðað með nægum fyrirvara, ef ekki er fast ákveðinn fundardagur í þessu skyni. Á fundi þessum birtir hreppsnefndin alla sjerstaka tilhögun, sem höfð verður við fjallsöfnun í það sinn.

26. gr. Um fjallkonga.

Hreppsnefndir ráða fjallkonga, eða umsjónarmenn aðalleitanna, einn eða fleiri, eftir því sem til hagar á hverjum stað, og getur engian, sem til þess er fær, skorast undan slíkri stöðu. Fjallkongar fara eptir fyrirskipunum hreppsnefndanna, það er þær ná; en í afrijetti hafa þeir öll ráð og umsjón á hendi með allt, er að leitunum lýtur; þeir skipa í leitir og stjórna leitum og rekstri fjárins til rjetta. Þeir hafa og með ráði hreppsnefndar og hreppstjóra umsjón við rjettahöldin í aðalrjettum. Ef menn sýkjast í fjalleitum, ef slys veroa, ef óvenjulegar hættur koma fyrir eða einhvern vanda ber að höndum, ráða fjallkongar hvað til bragðs skuli taka, með ráði þeirra fjallmanna, sem þeir treysta bezt. En eigi bera fjallkongar ábyrgð á ráðstöfunum sínum nema varði við lög. Rjett er að fjallkongar fái vægari fjallskil en þeim annars bæri, eða þóknun af sveitarsjóði. Hreppsnefndir eða fjallkongar ráða aðra umsjónarmenn við fjallsöfn, eptir því sem á stendur; og hafa þeir sömu skyldur

79 og völd sem fjallkongar, það, sem þeirra verkahringur nær. Ef fjallkongur eða leitarforingi fatlast, svo að hann getur ekki að staðið, þá kjósa leitarmenn annan í hans stað. Ef ágreiningur er, þá ræður afl atkvæða, og er sá rjettkjörinn, sem fleiri kjósa.

27. gr. Um fjallmenn.

Sjerhver maður, sem sendur er í fjalleitir, þarf að vera með fullri heilsu og verkgreind. Á fjallskilafundinum eða fyrir fjallferð, skulu allir þeir, sem menn eiga að leggja til fjalleita segja til, hvern mann þeir láti fara. — Segir þá fjallkongur til, ef sá maður þykir eigi gildur, en hreppsnefnd sker úr ef á greinir. Vilji viðkomandi eigi láta duglegri mann, ef kostur er á að fá hann, þá kaupir hreppsnefndin fjallmann á hans kostnað. Alla fjallmenn skal senda að framan, og eigi má taka menn, er væntanlegir sjeu að norðan, gilda í neina leit.

28. gr. Um útbúning fjallmanna.

Svo skulu fjallmenn vera útbúnir að hestum, hundum, mat, fatnaði, skóleðri og tjaldrúmi, sem hreppsnefnd ákveður og fjallkongur álitur nægja; ella getur fjallkóngur gjört þá apturreka.

29. gr. Um skyldur fjallmanna.

Skyldur er hver fjallmaður, að vera þar í göngu, er fjallkongur skipar honum, sje hann til þess fær, og smala vandlega svæði það, er hann skal leita. Skyldir eru fjallmenn að sýna fjallkóngi sínum og öðrum þeim, er yfir þá eru skipaðir, tregðulausa hlýðni í öllu því er þeir geta. Gjöri þeir sig seka í óhlýðni, drykkjuskap eða einhverju öðru ósæmilegu frámferði, þá getur fjallkongur með ráði fjallmanna sinna gjört þá ræka; er þá að álíta, sem hlutaðeigandi bóndi hafi engin fjallskil gjört. Komi þetta fyrir í aðalfjallsafni, sendi þeir, er slíka menn hafa látið, svo og þeir, er eigi hafa látið þá menn, er þeim bar, menn í eptirsafn á þá staði afrjettarins, er þeir voru til settir. Vanti mann í eptirsafn eða sje gjörður rækur áður en farið er úr byggð, þá skal kaupa annan mann í hans stað, ef unnt er, á kostnað þess, er manninn átti að láta. Ef ekki er hægt að fá mann í hans stað, þá skal hlutaðeigandi greiða fullar bætur eptir mati hreppsnefndar og hljóta hinir, er eptirsafn kosta, þá upphæð. Sje brotið svo vaxið, að sekt liggi við því, þá rennur hún í sveitarsjóð þess hrepps, sem brjótandi er í. Úrskurði fjallkongs og hreppsnefndar má skjóta til sýslunefndar og ræður hún þá úrslitum.

VI. kafli.

Um fjalleitir.

30. gr. Um skyldu til fjalleita.

Skyldur er hver hreppur að láta tvísmala sinn afrjett á hausti hverju og optar ef þurfa þykir.

31. gr. Um skiptingu á fjalleitum.

Fjalleitir eru tvenns konar: Skylduleitir og frjálsar leitir. Skylduleitir eru og tvenns konar: Aðalleitir og eptirsöfn. Aðalleitir eru fyrir aðalrjettir, eptirsöfn eptir þær. Frá því, að fara í aðalleitir, eru skildir eptir nokkrir

menn, eptir því sem hreppsnefndir nákvæmar ákveða, og fara þeir í eptirsöfn. Hinar frjálstu leitir eru venjulega nefndar eptirleitir.

32. gr. Um tilhögun á fjallleitum.

Svo skal til haga með leitir, sem venja hefir verið, nema hlutaðeigandi hreppsnefndum þyki ástæða til að breyta því; en þó mega þær breytingar eigi koma í bága við reglugjörð þessa nje við hagsmuni annara sveitartjelaga. — Svo skal leitum haga, þar sem því verður við komið, að sem minnstar misgöngur verði afrjetta á milli. Þá menn skal skipa í vöndustu leitir, sem kunnugastir eru, og í hamragöngur þá, sem til þess eru færir. Að öðru leyti skal svo til haga, þar sem því verður við komið, að lengstu og erfidustu leitir sjeu frá þeim mönnum, sem fjárríkastir eru, sje þeim ekki íþyngt með aukafjallskilum.

33. gr. Um leitartímam.

Leita skal á þeim tímum, sem venja hefir verið, og fara svo snemma, að leitarinn, að öllu st. rforfallalaus, verði kómnir í aðalrjettir og skilarjettir á þeim tíma, þá er þær á að halda.

34. gr. Um leitarstaði.

Þá staði skal leita, sem að fornu hefir verið, en þó má leita víðar, ef hlutaðeigandi hreppsnefndir álita þess þörf, og er enda skylt, ef víðar er von kindastöðva.

35. gr. Um fjölda leitarinna.

1. Landið fyrir innan Fjórdungssand smali að minnsta kosti 3 menn: 1 úr Gnúpverjahreppi, en 2 úr Flóa og Skeiðum. Leitir byrji einum degi fyr en vant er. Ef sú verður reyndin á, að áliti kunnugra manna, að fjórða mann þurfi til leitar þar, þá kosta allir hlutaðeigandi hreppar hann eptir sömu tiltölu.
2. Í norðurleitina milli Dalsár og Fjórdungssands senda Skeiða- og Flóahreppar sína 2 menn hver, en Gnúpverjahreppur 4.
3. Gnúpverja- og Hrunamannaafrrjettir eru í aðalleitum smalaðir af svo mörgum mönnum, sem hlutaðeigandi hreppsnefndir álita þörf á. Á Flóamannaafrrjetti eru 3 leitir: Skeiðamannaleit, Austurleit og Vesturleit. Skeiðamannaleit smali 16 menn úr Skeiðahreppi. Austurleit smali Stokkseyrar- og Gaulverjabæjarhreppar: Úr hvorum þeirra fari: á Fit 10 menn, í Fossölduver 6 menn og undir Klett 7 menn. Vesturleit smali Hraungerðis-Villingaholts- og Sandvíkurhreppar: Úr hverjum þeirra fari: á Fit 11 menn og í Grimstaði 4 menn. Auk þess fari 2 eins dags menn í Grimstaði, annar úr Hraungerðis, hinn úr Sandvíkurhreppi.

Tölulíð þessum má breyta með samkomulagi hreppsnefnda.

4. Í eptirsöfn senda Skeiða- og Flóahreppar 3 menn hver, Gnúpverjahreppur 6, en Hrunamannahreppur 12.

Leitarmönnum þessum má fjölga eptir þörfum, þegar hlutaðeigendur koma sjer saman um án þess, að breyta þurfi reglugjörðinni.

36. gr. Um tölu fjallkonga.

Á Hrunamannaafrrjetti og Gnúpverjaafrrjetti, hvorum fyrir sig, er 1 fjallkongur í aðalleit, en á Flóamannaafrrjetti 3 fjallkongar í þeirri leit: einn í

1902

79
5. ágúst

Vesturleit, annar í Austurleit og þriðji í Skeiðamannaleit. Foringja í norðurleit fyrir innan Fjórðungssand tiltekur hreppsnefnd Gnúpverjahrepps. Hún ákveður og foringja í norðurleitina milli Dalsá og Kisu. Foringja í norðurleit Flóamanna fyrir framan Fjórðungssand kjósa leitar menn sjer sjálfir úr sínum flokki. — Í eptirsafni er 1 leitarforingi á hverjum afrjetti; á afrjettum Gnúpverja- og Hrunamanna sjeu þeir tilteknir af hreppsnefndunum, en á Flóamannaafrojetti kosinn af leitar mönnum.

37. gr. Um norðurleitarmenn.

Af norðurleitarmönnum fyrir innan Fjórðungssand gengur leitarmaður Gnúpverja í leit með sveitungum sínum, þá er kemur fram að Dalsá; en leitar menn hinna sveitanna eru lausir við skyldufjallsöfn þegar þangað kemur. Allt það fje, sem finnst fyrir innan Dalsá, taka Gnúpverjar og Skeiðamenn og reka það fram afrjett Gnúpverja og ganga úr því í leit með Gnúpverjum, undir forustu fjallkongs þeirra. Norðurleitarmenn Flóamanna, þeir er fara inn að Kisu, smala aptur öræfin inn af afrjettum Flóa- og Skeiðamanna, undir stjórn þess manns, sem þeir kjósa sjer sjálfir. Að þeirri leit endaðri hitta þeir Flóamenn á Fit, og ganga síðan í lið með þeim.

38. gr. Um aðstoðarleitarmenn.

Til aðstoðar Gnúpverjum í aðalleit inn að Dalsá, leggja Flóa- og Skeiðamenn 2 menn duglega og vel útbúna. Sömuleiðis fá Gnúpverjar í eptirsafni til aðstoðar 2 af eptirsafnsmönnum Flóamanna. Þessa 2 menn leggja hlutaðeigandi hreppsnefndir til í bæði skiptin eptir boðleið hreppanna. Til Hrunar annahrepps leggur hver Flóahreppanna, svo og Skeiðahreppur, 6 kr., er borgist í Reykjafrojett ár hvert, með peningum.

39. gr. Um byggðarsöfn fjallmanna.

Þá er úr aðalfjalleitum kemur, skulu leitar menn Skeiðamanna smala Skriðufells-, Ásólfstada- og Hagalönd, en leitar menn Flóamanna lönd annara efstu bæja í Gnúpverjahrepp. Þá er úr eptirsafni kemur, hjálpa eptirsafnsmenn Flóa- og Skeiðamanna til að smala lönd hinna sömu jarða, svo og sjerstaklega Hlíðarfjall, Steinsholtsfjall og Hagafjall.

40. gr. Um meðferð á annkrömuðu fje.

Þá er veikt fje eða annkramað finnst í fjallleitum, skulu þeir, er fjallkóngar ákveða, koma því lifandi til byggða, ef unnt er, án þess að ganga mjög nærri því. Að öðrum kosti skal slátra því þegar í stað, við 2 votta, ef til næst. Gera skal það til alveg á sama hátt og vant er að gera til kindur heima. Fleyja skal innýflum, sjerstaklega galli og gori, en grafa niður sulli, ef þeir finnast, svo djúpt, að hundar nái ekki til þeirra. Kjöt, mör og gærur skal hirða, þvo og búa um sem bezt, að ryk eða hiti nái sem sízt til þess, og reiða það síðan á trússahestum fjallmanna til rjetta, nema eigandi búi á leið þangað. Í rjettunum, eða heima hjá eiganda, skal afhenda það eiganda eða öðrum áreiðanlegum manni, er lofar að koma því til skila. Ef eigandi þekkist ekki, eða býr í fjarska, skal afhenda það hreppstjóra þess hrepps, er rjettir eru í, og selur hann það þá þegar, og gjörir síðan grein fyrir því, sem andvirði óskilafjár. Af sjálfdaudum kindum og dýrbitnum, skal hirða það, er nýtilegt þykir, og koma

til skila á sama hátt, ef greinilegt mark er á, ella eignast sá, er finnur. Af hrossum er eigi skylt að hirða annað, en hána og ganglimi, ef óskemmt er.

79
5. ágúst.

41. gr. Um mörkun dilka á afrjettum.

Þá er komið er saman með fjársafnið úr leitum á afrjetti, skulu fjallkongar láta marka ómarkaða dilka undir ám, þar sem því verður við komið, með sama marki og ærnar hafa.

42. gr. Um eptirleitir.

Eptirleitir eru að því leyti frjálsar, að þær eru ekki skyldukvöð einstakra manna, nje bundnar við vissan stað og tíma; en háðar skulu þær eptirliti sveitastjórna Hreppsnefndir Hrunamanna og Gnúpverja hafa þetta eptirlit með eptirleitum á afrjettum sinna hreppa, en hreppsnefndir Skeiðamanna og Gnúpverja á Flóamannaafrijetti. Heimilt er hverjum, sem vill, að gefa sig fram til leita þessara. Sje völ á fleirum en með þarf, ráða hreppsnefndir hverjir fara, og enginn má fara án samþykkis þeirra, hafi ella fyrirgjört eptirleitartolli. Ef enginn, eða ekki nógu margir, hafa gefið kost á sjer til eptirleita, úr því að veturnætur eru komnar, útvega hreppsnefndirnar menn í eina eptirleit að minnsta kosti, og fáist ekki menn gegn venjulegri borgun, má greiða þóknur úr sveitar-sjóðum þeirra hreppa, sem afrjettina eiga, að rjetttri tiltölu. Aldrei mega færri fara í eptirleit en 3 menn. Helzt skal hyllast til að fara í leitir þessar þá er snjóað er á fjöll og með vaxandi tungli. Þeir, sem farið hafa í fyrstu eptirleit, eiga bæði rjett á og eru skyldir til, að forfallalaus, að halda uppi eptirleitum það haust.

43. gr. Um eptirleitartolla.

Eptirleitartollar eru: Í fyrstu eptirleit: af fullorðnu fje $\frac{1}{3}$ verðs, af lömbum $\frac{1}{2}$ verðs, af veturgömlum tryppum og móðurlausum folöldum $\frac{1}{4}$ verðs, af eldri hrossum $\frac{1}{8}$ verðs. Í annari eptirleit: af fullorðnu fje $\frac{1}{2}$ verðs, af lömbum $\frac{2}{3}$ verðs, af veturgömlum tryppum og móðurlausum folöldum $\frac{1}{3}$ verðs, af eldri hrossum $\frac{1}{6}$ verðs. Hryssur með folöldum reiknast ásamt folöldunum sem eldri hross. Ekki hækka eptirleitartollar úr því, þótt fleiri eptirleitir sjeu farnar. Af heimtum fjenaði skal goldinn hálfur tollur. Verð fjenaðar skulu 2 óvilhallir matsmenn, sem hreppsnefndir tilnefna, meta; en heimilt er bæði eptirleitarmanni og greiðanda tollsins að áfrýja mati þeirra til 4 yfirmatsmanna, er sýslumaður tilnefnir. Matsmenn og yfirmatsmenn skulu tilteknir fyrirfram, og starfa kauplaust að því, sem öðrum fjallskilum. Eptirleitartollar greiðast af andvirði skepunnar ef eigandi spyrst ekki uppi, ella sem annar fjárskilakostnaður af sveit eiganda. Hreppsnefndum er þó heimilt, hverri í sinni sveit, að leggja eptirleitartollana á eiganda, ef meiri hluti fjárskilaskyldra hreppsúa óskar þess.

44. grein. Um óheimild eptirleitartolla.

Óheimilt er öllum að taka eptirleitar- eða smölunartoll af nokkurri skepnu, sem finnst í heimahögum að affoknum lögsöfnum, sömuleiðis ekki af þeim skepnum, sem koma fyrir í smölunum, þótt í arjetti sje, heldur ber að koma slíku fje áleiðis til skila, borgunarlaust, nema því að eins að það sannist, að sjerstaklega hafi verið fyrir því haft. Þá á sá þóknun, er smalað hefir, eptir mati hrepps-

79 nefndar í þeim hreppi, er að þeim afrjetti liggur. Eigi verður tollur heimtaður 5. ágúst á það fje, sem finnast kann í eptirleitum, en sleppur aptur og fer sjálf til byggða, nema hlutadeigandi sanni, að hann hafi haft sjerstaka fyrirhöfn fyrir því.

45. gr. Um fje á eptirleitarstöðvum.

Eigi skal hirða fje í smölunum í afrjetti á þeim stöðum, er eptirleitar-menn fara venjulega um, ef fyrsta eptirleit er ekki afstaðin, nema því að eins, að í ógöngum sje.

46. gr. Um björgun og bjarglaun.

Skyldur er sjerhver, sem verður var við, að fje sje komið í sveltí í hömrum í landareign hans eða annarstaðar, á hverjum tíma árs sem er, að sjá um, ef eigi næst til eiganda eða hann þekkest ekki, að því sje bjargað, ef unnt er, og ber þeim, er bjargar, borgun fyrir það af eiganda eða andvirði skepnunnar eptir mati hreppsnefndar í þeim hrepp, er björgun fer fram í; og sje það í afrjetti, þá í þeim hreppi, sem næstur er.

47. gr. Um sæluhús.

Svo skulu vera mörg sæluhús til skýlis eptirleitar mönnum á afrjetti hverjum og svo útbúin, sem vanir eptirleitar menn og aðrir kunnugir menn álíta nauðsynlegt. Hreppsnefndir annast um byggingu og viðhald þeirra, og skal sá kostnaður, sem af því leiðir, annaðhvort borgast með fjallskilum, eða vera tekinn úr sveitarsjóði þeirra hreppa, er afrjettina eiga. Sjerhver sá, sem var verður við, að sæluhús þurfi aðgjörðar, gjöri hlutadeigandi hreppsnefnd aðvart um það. Eptirsafnsmenn skulu á haustum víða að sæluhúsum hris eða lurka ef hægt er. Hver sem um sæluhús gengur, skal jafnan læsa því, er hann fer þaðan. Ef það verður sannað upp á einhvern, að hann hafi gengið hirðulauslega um sæluhús, eða skemmt það á einhvern hátt, án brýnna nauðsynja, skal sá hinn sami bæta það að fullu. Hafi það verið gjört af keskni eða öðrum illum hvötum, varðar það auk þess sektum, nema þyngri hegning liggi við því.

VII. kaffi.

Um rjettir og rjettahöld.

48. gr. Um skiptingu á rjettum.

Rjettir (lögrjettir) eru þrennskonar. 1. Aðalrjettir, 2. Skilarjettir og 3. Aukarjettir. Aðalrjettir eru þær, sem rekin eru til fjallsöfn úr fyrstu leit. Skilarjettir eru þær, sem rekin eru til eptirsöfn, eða fjársöfn úr fleiri hreppum. Aukarjettir eru þær, sem rekin eru til fjársöfn úr smölunum í hverri sveit.

49. gr. Um aðalrjettir.

Aðalrjettir eru: Fyrir Hrunamannahrepp hjá Reykjadalaskoti; fyrir Gnúpverjahrepp hjá Skapholti (Skapholtsrjett); fyrir Skeiða- og Flóahreppa hjá Reykjum (Reykjarjett).

50. gr. Um skilarjettir.

Skilarjettir eru: Fyrir Hrunamannahrepp í aðalrjett þess hrepps; fyrir Gnúpverjahrepp í Skaftholtsrjett; fyrir Skeiða- og Flóahreppa í Dælurjett í Villingaholtshreppi.

51. gr. Um aukarjettir.

79

Aukarjettir eru: Fyrir Hrunamannahrepp í aðalrjett þess hrepps; fyrir 5. ágúst
Gnúpverjahrepp í Skapholtshrjett; fyrir Skeiðahrepp á Hlemmiskeiði; fyrir Vill-
ingaholtshrepp í Vælagerði; fyrir Gaulverjabæjarhrepp í Gaulverjabæ; fyrir
Hraungerðishrepp í Hraungerði; fyrir Sandvíkurhrepp í Litlu-Sandvík; fyrir
Stokkseyrarhrepp á Syðraseli.

52. gr. Um viðhald á rjettum.

Viðhald á öllum rjettum hvílir á þeim, er þá rjett sækja, eptir rjettir
tiltölu. Skal sýslunefndin hafa umsjón með Reykjarjett og Dælarjett, en hrepps-
nefndirnar í hinum hreppunum hver með þeirri rjett, sem þar er. Þó má kæra
það fyrir sýslunefnd, ef þeim er ekki vel við haldið, og heldur hún þá hlutað-
eigendum til þess. Til þess, að rjettir sjeu í góðu standi, heyrir það, að þær
sjeu nægilega rúmgóðar og lögulegar, veggir vel stæðilegir og nægilega háir,
og að ekki standi vatn í þeim, þótt rigningar gangi, sjerilagi ekki í almennings-
rjettinni. Dilkar sjeu einnig í sama standi. Grind sje í almenningsdyrum og
hurð í öllum dilkdryum. Við hverjar aðalrjettir og skilarjettir, skulu utansveit-
arhreppar þeir, er þar eiga fjárvon, eiga dilka, rúmgóða og vel úr garði gerða,
er reka megi í fje þeirra. Skulu hlutaðeigendur sjálfir annast um viðhald þeirra
eptir fyrirsögn hreppsnefndar í þeim hreppi, er rjettin stendur í. Þeir, sem
leigðan fá afrjett annarstaðar en á sínum afrjetti, sjái sjer sjálfir fyrir nægilegu
dilkrúmi; en hreppsnefnd í þeim hreppi, sem rjettin er í, vísar á stað ef byggja
þarf nýjan dilk, eða rjettarbóndi fyrir hennar hönd, sömuleiðis hvar taka má
byggingarefni. Rjettarbóndi hefur, að því leyti sem unnt er, eptirlit með því, að
rjettir sjeu ekki að óþörfu skemmdar. Skemmdir á rjettum varða bótum og
sektum.

53. gr. Um rjettafærslu.

Þar skulu rjettir vera, sem nú eru, nema meiri hluti þeirra búenda, er
rjett eiga að sækja, vilji flytja hana. Þó má ekki flytja aðalrjettir fjær afrjetti
en nú eru þær, svo neinu verulegu muni. Til rjettarfintnings þarf og samþykki
landeiganda þess, er byggja á hjá, svo og sýslunefndar ef um aðalrjettir eða
skilarjettir er að ræða.

54. gr. Um rjettatímann.

Aðalrjettir Hrunamannahrepps og Gnúpverjahrepps, eru haldnar fimmtu-
daginn í 23. viku sumars, en aðalrjettir Skeiða- og Flóamanna daginn eptir.
Skilarjettir Hrunamannahrepps og Gnúpverjahrepps eru haldnar laugardaginn í
24. viku sumars. Dælarjettir eru þrennar: Fyrsta Dælarjett er fimmtudaginn
í 23. viku sumars; önnur Dælarjett mánudaginn í 24. viku sumars; þriðja Dæla-
rjett síðasta sumardag; en þá er sumarauki er, rjettir viku fyr. Aukarjettir eru
haldnar, þá er hlutaðeigandi hreppsnefndir fyrirskipa.

55. gr. Um smölun til rjetta.

Smala skal vandlega heimalönd allra jarða fyrir allar aðalrjettir og
skilarjettir og reka úrgangsfje til rjetta. Smölun fer fram:

1. Til aðalrjetta: daginn fyrir þær í Hreppum og á Skeiðum.

- 79 2. Til skilarjetta í Hreppunum: daginn fyrir þær.
5. ágúst 3. Til 1. Dælarjettar: í Gaulverjabæjar-, Sandvíkur- og Stokkseyrarhreppum næsta þriðjudag á undan; í Skeiða-, Villingaholts- og Hraungerðishreppum næsta dag (daginn fyrir rjettina).
4. Til 2. Dælarjettar: um allan Flóa og Skeið laugardaginn næstan á undan henni.
5. Til 3. (síðustu) Dælarjettar: í öllum hreppum milli Þjórsár og Hvítár (Olfusár) miðvikudaginn næstan á undan henni.

56. gr. Um rjettun afrjettarfjár og byggðasafns.

Undir eins og fje kemur af afrjetti, skal rjetta því:

1. Aðalsafni af afrjetti Hrunamaunahepps í rjett þess hrepps.
2. Aðalsafni af afrjetti Gnúpverjahrepps í Skapholtsrjett, ásamt byggðasafni úr búfjárhögum Skriðufells, Ásólsstaða og Haga, er Skeiðamenn hafa smalað og reka þangað.
3. Aðalsafni af Flóamannafrjetti í Reykjarjett.
4. Eptirsafni af afrjetti Hrunamannahrepps í rjett þess hrepps.
5. Eptirsöfnum af afrjettum Gnúpverja, Flóa- og Skeiðamanna ásamt byggðasöfnum af uppþægjum Gnúpverjahrepps, fyrst í Skapholtsrjett, síðan í 2. Dælarjett.

57. gr. Um gæzlu safnsins við rjettir.

Ef ekki er byggð girðing kringum fjársafnið í rjettum, skulu hlutaðeigandi fjallkongar í aðalrjettum, en hreppstjórar í skilarjettum, ef með þarf, annast um að nægilega margir menn standi í kring um safnið, svo að ekki sleppi úr því. Í kringum safnið við Dælarjettir allar standi 2 menn úr hverjum hreppi úr Flóa og af Skeiðum.

58. gr. Um dráttarskyldu í rjettum.

Skyldur er sjerhver fjáreigandi, eða sá, sem á fjár von í rjettum, að hafa þar nægilega marga menn til að draga fje sitt, bæði í aðalrjettum og skilarjettum, þar á meðal öllum Dælarjettum, og hirða þar að loknum rjettum það fje, er þeir eiga. Skylt er öllum, sem afrjettarnot kaupá, að láta draga fje sitt í aðalrjett hlutaðeigandi sveitar, og óheimilt er þeim að láta það ganga ódregið í úrgangi til annarar rjettar.

59. gr. Um dráttarheimild utansýslubúa.

Utansýslubúum er óheimilt að draga fje í aðalrjettum, en heimilt er þeim að draga fje í úrgangsrjettinni við Reykjarjett daginn eptir aðalrjett Flóa- og Skeiðamanna, svo og í skilarjettum, þó aðeins með umsjón hreppstjóra, ef þeir eiga sammerkt við innansýslubúa.

60. gr. Um lögreglu í rjettum.

Allir, sem til þess eru kvaddir að sjá um að draga og hirða fje í rjettum, skulu vinna að því verki trúlega og kappsamlega, en ekki mega þeir draga meðan inn er rekið. Allir, sem í rjettir koma, skulu hegða sjer þar siðsamlega á allan hátt og engar óspektir gjöra, svo og varast að tefja þá, sem þar eiga að starfa að því að hirða fjeð, nema brýna nauðsyn beri til. Fjallkongar í aðalrjettum og hreppsnefndir, eða þeir hreppsnefndarmenn, sem sjerstaklega hafa

slíkt á hendi, í öllum rjettum, skulu sjá um, að allt fari fram með reglu, er lýtur að hirðingu fjárens; en önnur lögregla hvílir á sýslumanni og hreppstjórum. Skyldur er sýslumaður að vera í aðalrjett Flóamanna, tíð að halda þar reglu. En geti hann það ekki vegna embættisanna, eða annara lögmætra hindrana, setur hann annan mann í sínu stað, og tilkynnir það í tíma viðkomandi hreppsnefndum eða birtir það almenningi. Í öllum öðrum rjettum ber hreppstjórum að halda lögreglu, nema sýslumaður hafi í tíma kvatt til þess annan og tilkynnt það í tíma hlutadeigendum.

61. gr. Um úrgangsfje úr rjettum.

1. Úrgangsfje úr aðalrjett Hrunamannahrepps hirða Flóa- og Skeiðamenn, og reka til Reykjarjettar, 2 menn úr hverjum hreppi; en Ytrahreppsmenn hjálpa þeim með reksturinn yfir Laxá, ef með þarf.
2. Úrgangsfje úr aðalrjett Gnúpverjahrepps hirða Skeiðamenn, er úr fjallreið koma, og reka það til Reykjarjettar. Ef Kálfá er í vexti, eru Gnúpverjahreppsmenn skyldir að hjálpa þeim með reksturinn yfir hana.
3. Úrgangsfje úr 1. Dælarjett reka Flóamenn, 1 maður úr hverjum hreppi, til Reykjarjettar.
4. Úrgangsfje úr Reykjarjett skal í rjettalok undir umsjón fjallkonga eða annara manna, sem sýslumaður tilnefnir, falið á hendur rjettarbónda að Reykjum og afhent honum til geymslu til næsta dags gegn 8 aura borgun fyrir hverja kind yfir nóttina frá eiganda kindarinnar eða andvirði hennar, ef síðar er seld. Eigi þarf þó að greiða gæzlukaup fyrir utansýslufje. Kl. 9 fyrir hádegi á laugardaginn skal fjenu rjettað, og það af því, sem eigi er útgengið um hádegi þann sama dag, selur hreppstjóri Skeiðahrepps þegar þar í rjettinni. Söluna skal auglýsa í rjettum daginn áður.
5. Úrgangsfje úr skilarjett Hrunamannahrepps reka hreppsþúar til 2. Dælarjettar. Þó er rjett að eptirsafnsmenn Flóamanna reki fje þetta, sje það komið í tæka tíð til Reykjarjettar.
6. Úrgangsfje úr skilarjett Gnúpverjahrepps reka eptirsafnsmenn Flóa- og Skeiðamanna til 2. Dælarjettar.
7. Úrgangsfje úr 2. og 3. Dælarjett selur hreppstjóri Villingaholtshrepps þegar að afloknum rjettum þar á staðnum.

62. gr. Um ómarkað sauðfje í rjettum.

Ómerkinga alla, er koma af afrjettum, eða koma fyrir í byggð, skal reka til allra lögrjetta. Gjöra skal þar, undir umsjón hreppstjóra, tilraunir til þess, að lambsmæður helgi sjer ómarkaða dilka. Þá ómerkinga, sem enginn getur helgað sjer, eða sannað eignarrjett sinn á með óbrigðulum einkennum, eignast rjettarbændur. Þó mega rjettarbændur í Skálmholti, Skaptholti og Reykjadalaskoti eigi leggja eign sína á ómerkinga úr 1. rjett, fyr en þeir hafa verið látnir ganga til 1. aðalrjettar á Reykjum og eigi gengið þar út, þá er sala byrjar á úrgangsfje á laugardaginn. En rjett er að þeir auðkenni sjer þá áður en þeir ganga til Reykjarjettar, svo að þeir geti aptur tekið þá þar, ef þeir eigi hafa gengið þar út. Eigi getur rjettarbóndi á Reykjum heldur eignast

- 79** ómerkinga úr 1. rjett fyrir en á sömu stundu og fyrir er nefnd. Um eldri ómerk-
 5. ágúst inga, sem kunna að koma fyrir í lögrjettum, fer sem um ómörkuð lömb. Um
 marklaust fje og kalineyrt fer sem annað óskilafje og sömuleiðis um ómerkinga,
 sem koma fyrir eptir veturnætur.

VIII. kafli.

Um fjármörk og marklýsingar á óskilafjenaði.

63. gr. Um fjármörk.

Til þess að geta sannað eignarrjett sinn á fjenaði, þurfa eigendur að hafa lögheimil mörk á honum. Fjármörk eru: eyrnamörk, hornmörk og brennimörk. Eyrnamörk skulu vera á öllu fje, en hornmörk og eigin brennimörk því að eins að eigendur vilji. Ekki mega menn eiga námerkt frekara en þörf gjörist og hefir sýslunefnd rjett til að kveða á um, hversu námerkt má vera. Sá sem tekur upp mark eða flytur inn í sveit með mark, sem er náð öðrum í sama afrjettarfjelagi, skal breyta marki sínu. Erfðamark ræður meira en ný upptekið mark að öðru jöfnu. Öll eyrnamörk í sýslunni skal rita á skrá, og prenta hana að minnsta kosti á 10 ára fresti. Annast sýslunefnd um það, og tekur borgun fyrir hvert mark, er eigi sje minna en 10 aurar og eigi meira 50 aurar; rennur það í sýslusjóð, en hann ber kostnaðinn við prentun skrárinnar. Eigi má prenta í markabók neitt mark, sem er afeyrt. Allir fjáreigendur skulu hafa sýslubrennimark og hreppsrennimark á fje sínu, eptir því sem sýslunefnd segir fyrir um, og lætur hún prenta þau í markaskránni. Skal hver fjáreigandi hafa brennimerkt hverja þá kind, sem er með hornum, áður en henni er sleppt eptir hinn fyrsta vetur, sem hún er fóðruð, með brennimarki þess hrepps, sem hann býr í. Varðar það sektum til hlutadeigandi sveitarsjóðs, 10 aura fyrir hverja kind, ef útaf er brugðið. Þau mörk, sem tekin eru upp, eða mörk þeirra, sem flytja inn í sýsluna milli þess að markaskrár eru prentaðar, skal prenta í dagblöðum, en jafnframt senda þau sýslumanni, er árlega fyrir rjettir sendir þau öllum hreppstjórum, en þeir auglýsa þau sveitungum sínum, er færa þau inn í eyðublöð aptan við markaskrár sínar. Rjett er, að sömu mörk sjeu á hrossum og sauðfje.

64. gr. Um markalýsingar.

Skrifa skulu hlutadeigandi hreppstjórar lista yfir öll mörk á úrgangs- og óskilafjenaði, til birtingar, þá og á þann hátt, sem hjer segir.

1. Hreppstjóri Skeiðahrepps ritar markalista yfir það fje, er hann selur í Reykjarjett. Þann lista ritar hann í þrennu lagi, og sendir einn þeirra til auglýsingar í verzlunarbúð á Eyrarbakka, annan til Hrunamanna og Gnúpverjahreppa, en hinn þriðja til Biskupstungna- og Grímsneshreppa.
2. Hreppstjóri Villingaholtshrepps ritar markalista yfir það fje, sem hann selur í 2. og 3. Dælarjett, og sendir hann afrit af honum í alla hreppa sýslunnar.
3. Allir hreppstjórar í þeim hreppum er þessi reglugjörð nær yfir, semja markalista yfir það fje, er verður í óskilum eptir fyrsta vetrardag og senda

þá í alla hreppa sýslunnar milli Þjórsár og Hvítár (Ölfusár). Það, er þá **79**
verður ekki gengið út innan hálfmánaðar, selja þeir við opinbert uppboð. 5. ágúst

4. Allir hreppstjórar í þeim hreppum, er þessi reglugjörð nær yfir, semja markalista yfir allt það fje, er þeir fyr eða síðar á haustin hafa selt við opinber uppboð og ekki hefir spurzt eigandi að, og senda þá einum manni, er sýslunefnd hefir tilnefnt, eigi síðar en fyrir árslok; en hann annast um, að öll mörkin, ásamt samkynja mörkum úr ytri hluta sýslunnar, verði prentað í einu lagi og í rjettri röð í einhverju útbreiddu blaði í Reykjavík, ekki síðar en fyrir lok næsta febrúarmánaðar.

65. gr. Um samninga og meðferð á markalistum.

Markalistar skulu gjörðir svo glöggir og greinilegir sem unnt er, skrifadír með skýru bleki og á sterkan pappír, svo að þeir sjeu vel læsilegir og þoli kvol nokkurt. Allir, sem með þá fara, skulu fara gætilega með þá og flýta sem mest fyrir umburði þeirra. Hreppstjórar skulu sjá um, að þeir einkum komist í þeirra hendur, sem markaglöggastir þykja.

66. gr. Um borgun fyrir marklýsingar.

Fyrir að semja og senda markalista, skal greiða hreppstjórnum í Skeiða-hreppi og Villingaholtshreppi borgun, eptir reikningi, sem sýslumaður samþykkir. Aðrir hreppstjórar semja sína markalista borgunarlaust. Fyrir samningu aðalmarkalistans á óskilafje, sem prentaður er í blöðunum, má borga á sama hátt. Kostnað þenna, ásamt prentunarkostnaði aðalmarkalistans, skal taka af andvirði hins selda fjár, ef nokkuð verður, en ella af sýslusjóði. Allir reikningar hjer að lútandi skulu lagðir fyrir sýslunefndina.

67. gr. Um meðferð á óskilahrossum.

Óskilahross skal reka til aðalrjetta og skilarjetta. Þau hross, sem ekki ganga þar út, skal rjettarbóndi taka til gæzlu, gegn 10 aura borgun um sólarbringinn af eiganda þeirra eða andvirði, en 5 aura borgun fyrir folöld undir hryssu. Hreppstjóri skal þegar skrifa upp mörk á þeim og senda í þá hreppa, er helzt geta verið líkur til, að hrossin sjeu úr. Verði þau ekki gengin út eptir 3 vikur, skal hreppstjóri selja þau við opinbert uppboð, er auglýst sje í þeirri sveit og næstu sveitum með nægilegum fyrirvara. Síðan lýsir hreppstjóri þeim í útbreiddu dagblaði í Reykjavík með lit og auðkennum og marki, ef mörkuð eru. Þau óskilahross, sem finnast kunna á öðrum tímum árs og eigandi þekki ekki að, eða býr utanhrepps, þó þekktur sje, má afhenda hreppsnefndinni til ráðstöfunar, og lætur hún, ef henni svo sýnist, fara með þau sem önnur óskilahross. Hreppsnefndum er heimilt, að láta halda hrossarjett haust og vor, þá er þeim þykir við þurfa.

Andvirði óskilahrossa, sem enginn getur helgað sjer innan þess tíma-takmarks, sem ákveðið er í 68. gr., rennur í sveitarsjóð þar, sem gripirnir koma fyrir.

68. gr. Um útlausnarrjett og andvirðisgreiðslu óskilafjár.

Missirisútlausnarfrestur er á seldum hrossum, en enginn á sauðfje. Hross falla eiganda meðan útlausnarfresturinn stendur yfir. Andvirði seldra kinda og

79 gripa fá eigendur alt til septembermánaðarloka árið eptir að selt er, að frá 5. ágúst dregnum öllum kostnaði.

69. gr. Um ómarkað fje og illa markað.

Eigi þarf að lýsa ómerkingum þeim, sem fyrir koma eptir aðalrjettir og skilarjettir, sem og eigi því fje, sem er svo kalineyrt, eða brunnið á eyrum, sora-markað eða að öðru leyti svo illa markað, að markglöggir menn geta ekki gjört úr markinu; og skal það allt selja sem óskilafje. En gefi eigandi sig fram og geti glögglega sannað eign sína, fær hann hana eða andvirði hennar að kostnaði frá dregnum. Sama gildir um ómörkuð eða illa mörkuð hross, sem sauðfje.

70. gr. Um leifar andvirðis óskilafjár.

Andvirði þess óskilafjár, sem kemur úr eptirleitum og ekki gengur út, rennur óskipt til þeirra hreppa, er eptirleitir annast. En það af andvirði annars óskilafjár, sem enginn getur helgað sjer innan hins ákveðna tíma og eigi hefir gengið í markalýsingakostnað, skiptist milli allra hreppa milli Þjórsár og Hvítár (Ölfusár) eptir fjárframtali. Skulu hreppstjórar senda peningana sýslumanni ekki síðar en fyrir árslok næst eptir að útborgunarfresturinn er útrunninn, en hann skiptir þeim og stendur hlutadeigandi sveitarsjóðum skil á andvirðinu ekki síðar en á næstu manntalsþingum. Með samþykki sýslunefndar þá verja meira eða minna af fje þessu óskiptu til að borga einhvern þann kostnað, er stafar af fjárskilum og við kemur öllum hlutadeigandi hreppum.

IX. kafli.

Um almenningssmalanir og millirekstra.

71. gr. Um vorsmalanir.

Tvisvar á vori hverju skal smala allan Flóa og Skeið á sama tíma, föstudagana í 5. og 8. viku sumars, og skulu hlutadeigandi hreppsnefndir skipa fyrir, hvernig fje er rekið á milli og komið sem bezt til skila. Rjettarhöld geta þær og fyrirskipað, ef það þykir henta, og ráða þá allri tilhögun þeirra. Í Hreppunum skal svo opt smalað og rekið á milli, sem hreppsnefndirnar fyrirskipa, og rjettir geta þær á sama hátt látið halda, ef ástæða þykir til.

72. gr. Um upprunnið fje.

Ef ekki eru fast ákveðnir fráfarudagar í Hreppunum, skulu þeir, er fyrstir færa frá, tilkynna það hreppsnefndunum, er þá fyrirskipa almenna smölun. Það óskilafje, sem þá kemur fyrir, skal reka til rjetta. Innansveitarmenn hirða þar fje sitt, en utansveitarfje sje beint til fjalls, ef það er fjallfje og úr ull, en ella áleiðis heim til eiganda. Ef hreppsnefndunum sýnist, geta þær látið reka utansveitarfjallfje, sem er úr ull, á afrjett hlutadeigandi sveita, á þann stað, sem þeim þykir hentugast. Eigi er skylt að hirða ull af óskilafje, nema henni liggi við að tynast, og þá gegn þóknun. En marka skal ókeypiss lömb undir ám með sama marki og á þeim er. Sje vafi á um eiganda, skal sá, er markar, skyldur að geta gjört grein fyrir mörkuninni, ef á þarf að halda. Ákvæði þessarar greinar gilda einnig, að því leyti sem þær eiga við, í Skeiða- og Flóahreppum gagnvart þeim, er neðar búa.

73. gr. Um haustsmalanir.

Almenn smölun á fje skal fara fram einu sinni á viku hverri fyrir vet- 5. ágúst
urnætur, og eptir veturnætur að minnsta kosti annanhvern þriðjudag í öllum
sveitum milli Þjórsár og Hvítár (Ölfusár) og jafnframt daginn áður á öllum
fjallajörðum. Skal þá hver bóndi halda öllu því fje og hrossum, sem aðrir eiga
í landi hans, til rjettarinnar í hreppnum. Því, sem ekki gengur út í þeim rjett-
um, ráðstafar hlutaðeigandi hreppsnefnd í gæzlu, þar sem bezt gengur, gegn
þeim gæzlutolti á hverja kind, er minnstur getur fengizt. Það, sem ekki verður
gengið út í lok næstu rjettar, verður selt við opinbert uppboð þar í rjettinni.
Rjett á hreppsnefnd á, ef henni þykir þurfa, að fyrirskipa smölun einu sinni í
viku hverri allt haustið frá veturnóttum, og ræður hún þá, hvort rjettað er í
hverri viku eða ekki nema aðra hvora viku, en rekið á milli hina vikuna.
Fyrirfarist smalanir af óveðri, skal smala næsta dag, eða næst þegar fært má
álíta. Sje fjenaður eigi áður kominn á gjöf, haldist þessar smalanir til jóla.

74. gr. Um skil á fjenaði.

Hverjum bónda ber að hreinsa vel heimalönd sín af öllum óskilum við
hverja almenningssmölun vor og haust, og halda öllu fje annara sem bezt til
skila. Bregðist fyrirskipuð smölun hjá einhverjum, án þess lögmæt forföll komi
til, varðar það sektum. Verði einhver ber að því, að smala illa heimalönd sín
við almenningssmölun, hefir hreppsnefnd vald til að setja tilsjónarmann við
smölun hans, eða þá, að láta framkvæma hana á hans kostnað. Sje einhver
svo mannfár, að hann geti ekki af eigin ramleik smalað heimaland sitt, þá er
bodið er, ber hreppsnefnd að útvega honum styrk til þess, ef fáanlegur er, á
hans kostnað, nema því að eins, að sveitarfjelaði vilji styrkja til þess ókeypis.
Öll visvitandi vanskil á fjenaði varða sektum nema þau sjeu svo vaxin, að
þyngri refsing liggi við.

75. gr. Um meðferð á fjenaði.

Þess skal jafnan vandlega gæta, hve nær sem fje er smalað eða rekið
á milli, rjettað eða geymt, að fara svo vel með fjeð, sem framast er unnt: eigi
handleika það eða kvola meir en þörf gjörist, eigi láta það standa inni í svelt
nema sem skemmst, eigi láta vera of þröngt um það, nje neitt sem getur hrjáð
það fram yfir þörf. Allar slíkar óþarfa pyndingar ber að meta sem illa með-
ferð á skepnum.

76. gr. Um óþrif í fjenaði.

Ef vart verður við einhver iskyggileg óþrif í fjenaði, skal þegar taka það frá
öðrum fjenaði og tafarlaust tilkynna það hreppstjóra, er þá lætur rannsaka það,
og segir sýslumanni til, ef hætta þykir á ferðum.

X. kafli.

Um rekstra á sölufje.

77. gr. Um rekstrarmenn.

Hverjum rekstri skulu fylgja nægilega margir menn, vandaðir, duglegir
og vel útbúnir. En það álizt nægileg tala, ef 2 menn reka allt að 100 fjár, 3

79 menn allt að 200 fjár og 4 menn allt að 400 fjár, og svo fleiri menn eptir líkri tiltölu, ef fleira fje er rekið í einum rekstri; en ekki mega þeir jafnframt hafa annað á hendi, ef ekki er betur mannað. Ekki mega að jafnaði vera færri en 2 rekstrarmenn, hve fátt sem rekið er. Þó má 1 maður reka, ef ekki eru reknar nema 15 kindur; þó að eins með samþykki hreppstjóra þess hrepps, sem rekstur er úr, og þarf sá, er rekur, að geta sýnt leyfi frá honum, ef krafizt verður.

78. gr. Um rekstrarforingja.

Hvort sem rekstarmenn eru fleiri eða færri, skal ávallt einn vera yfirmaður, er annist um, að þessum rekstrarreglum sje hlýtt, og þar hann ábyrgð á því gagnvart þeim, er kynnu að kæra; en hann á aptur aðgang að samrekstrarmönnum sínum, ef þeim er um að kenna. Þó hvílir ábyrgðin að eins á hverjum einstökum rekstrarmanni, er brýtur, ef brotið er svo vaxið, að það heyrir undir almenn hegningarlög.

79. gr. Um rekstrarmark.

Allt fje í sölurekstrum skal vera merkt með ákveðnu rekstrarmarki, er sje svo glöggt, að það sjáist tilsýndar í björtu, og svo traust, að það ekki máist af, þótt votviðri gangi.

80. gr. Um áningu og áfanga.

Reka skal hægt og gætilega, ægja nógu opt, og hafa áfanga eigi of langa. Eigi má ægja í slægjulöndum meðan heyannir standa yfir, ea úr því má ægja hvar sem vill, hvort heldur er í byggð eða óbyggð.

81. gr. Um vörn við því, að tjón verði af rekstrum.

Svo skal rekstrum haga, að sem minnstur bagi verði að, þeim er þau lönd eiga, sem um er rekið. Varast skal, að rekstrum lendi saman við annað fje, ef hjá því verður komizt. Eigi má halda áfram með rekstra úr því farið er að skyggja til muna, nema brýna nauðsyn beri til að ná í áfanga, og aldrei úr því að dimmt er orðið. Svo má og aldrei leggja upp með rekstra fyr en markljóst er orðið.

82. gr. Um rannsókn á rekstrum.

Nú ber svo til, að öðru fje lendir saman við rekstur. Skal þá stöðva reksturinn, ef á ferð er, en ella halda kyrru fyrir og eigi leggja aptur af stað með hann, ef í byggð er, fyr en búið er að rannsaka hann af 2 tilkvöddum, skilríkum mönnum. Getur enginn skorazt undan slíkri rannsókn, er til þess er fær, og ber að gjöra það ókeypis, ef það ekki tekur upp yfir 2 klukkustundir; ella ber rekstrarmönnum að greiða þóknun fyrir, eptir úrskurði sýslumanns, ef á greinir; en aðgang eiga rekstrarmenn með þá borgun að eigendum fjárins, ef þeim hefir ekki sjálfum verið um að kenna.

83. gr. Um talningu á rekstrum.

Telja skal fjeð í rekstrunum hvenær sem viðstada verður, svo að fjeð dreifi sjer nokkuð til muna, bæði þegar staðar er numið og haldið af stað aptur. Vanti þá fje í reksturinn, skal gjöra advart um það á næsta bæ, sem að er komið, og biðja fyrir það, sem vanta kann. En ef fleira fje er komið í rekst-

urinn, en honum á að fylgja, skal á næsta bæ, sem að er komið, rjetta reksturinn og skilja það frá, sem að hefir komið, og sjá til að það komist í áthaga 5. ágúst sína, eigendum að skaðlausu. **79**

84. gr. Um óleyfilega fjártöku í rekstra.

Verði einhver sannur að því, að hafa tekið fje annara í rekstur heimildarlaus, skal hann bæta það eigendum að fullu eptir samkomulagi, eða eptir mati óvilhallra manna, er sýslumaður tilnefnir, ef með þarf. Sannist það, að slíkt hafi verið gjört af skeytingarleysi, varðar þar að auki sektum, 1—5 kr., fyrir hverja kind, sem þannig er tekin, er gangi í sveitarsjóð þess hrepps, er land á þar, sem brot er framið, nema því að eins, að brotið heyri undir almenn hegningarlög.

XI. kafli.

Um grenjaleitir og eyðingu refa.

85. gr. Um umsjón hreppsnefndar með refaveiðum.

Hreppsnefndum er skylt að annast um allt, sem lýtur að eyðingu refa á þeim stöðum, er þær eru skipaðar yfir, hvort heldur er í afrjettum eða heimalöndum. En hreppsnefndirnar í þeim hreppum, er næst eru afrjetti, skulu aðstoða hinar, er fjær búa, og segja til ef umbóta þarf með. Þær geta og bannað alla smölun og rekstra í afrjetti á þeim tíma, er það kann að geta spillt fyrir refaveiðum.

86. gr. Um grenjaleitir.

Grenja skal leita í afrjettum einu sinni á vori hverju, eða optar ef þurfa þykir, svo og í heimalöndum, ef grunur leikur á, að þar geti gren verið. Hreppsnefnd ræður, hvenær að vorinu leitað er, og hve margir menn leita. Hún ræður og skotmann, einn eða fleiri, er fylgja skulu leitarmönnum, tiltekur foringja leitarinnar, er getur verið skotmaðar eða annar. Leitarforingi ræður, hve lengi er leitað og á hvaða stöðvum.

87. gr. Um skyldu til grenjaleita.

Skyldur er hver búandi að leggja til svo margna menn, sem hann getur, til að leita grenja í landareign sinni, þá er hreppsnefnd krefur. Skyldir eru og allir búendur, er tiltölu eiga í afrjetti, að leggja til skiptis ókeypiss menn til grenjaleita á afrjettum, ef það er samþykkt af meiri hluta þeirra bænda, er hlut eiga að máli.

88. gr. Um viðlegu við gren.

Þá er gren finnst, skal skotmaður leggjast við það við annan mann, er sje þekktur að því, að vera áreiðanlegur maður. Skotmaður ræður hve lengi er legið við gren; eigi má það að forfallalaus vera skemur en 5 dægur meðan gren vinnst ekki. Skotmaður ræður hverjum ráðum hann beitir til að vinna grenið. Ef gren finnst utan leitar, skal sá, er finnur, gjöra advart um það svo fljótt sem verður, og skal þá sem fyrst leggjast við það á sama hátt.

89. gr. Um kaup þeirra, er að grenjum vinna.

Ef grenjaleitir ekki eru skyldukvöð, fá þeir, er grenja leita, allt að 2 kr. 50 a. í kaup um hvern sólarhring, er til þeirra gengur, þó svo, að þeir fæði

79 sig sjálfir. Sömuleiðis fá þeir fyrir hvern hest, sem þeir þurfa með, 70 aura um sólarhringinn. Sama kaup fær skotmaður; en hreppsnefnd semur við gæzlu-mann um kaup hans. Ennfremur fær skotmaður verðlaun fyrir þá refi er hann vinnur við gren, hvort heldur í afrjettum eða heimalöndum: Fyrir fullorðna refi 2 kr. fyrir fyrra dýrið, en 10 kr. fyrir hið síðara, og 1 kr. fyrir hvern yrð-ling. Svo skal og hver sá, sem vinnur tóur, sem ekki eru við gren, fá 3 kr. í þóknun fyrir hvert dýr, sem hann vinnur, á hverjum tíma árs sem er. Sá, er gren eða refi vinnur, getur þó ekki krafizt verðlauna þessara, nema hann geti komið með óyggjandi sannanir fyrir því, að hann hafi unnið það er hann segir, ef þess verður krafizt.

90. gr. Um eitranir fyrir refi.

Á hverju hausti skal eittra fyrir refi í afrjettum, svo og í heimalöndum ef ástæða þykir til. Skulu hreppsnefndir sjá um, að til sjeu nægilegar byrgðir af eitri, sem líkindi eru til að dugi, svo og nægilegt æti til að eittra. Eitrunina skal fela þeim mönnum, er vel hæfir þykja til þess starfa og ráða þeir, í sam-ráði við hreppsnefnd, hvar og hvenær er eitrad. Um borgun fyrir þenna starfa skal semja við hreppsnefndina.

91. gr. Um aðrar ráðstafanir til eyðingar refa.

Hreppsnefndir skulu gera hverjar þær ráðstafanir aðrar, er þær álíta nauðsynlegar eða hentugar til þess að eyða refum, svo sem að gjöra skothús, leggja dýraboga eða hvað annað, sem bezt þykir reynast. Þó skulu allir, sem hjer eiga hlut að máli, vandlega gæta þess, að sýna alla þá mannúð, sem frekast er mögulegt, við þessi verk sem annað, eigi beita óþarfri hörku eða grimmd, og ef unnt er, aðeins nota það eitru, sem er bráðdrepani.

92. gr. Um kostnað við refaveiðar.

Allan kostnað, sem leiðir af refaveiðum eða tilraunum til eyðingar refa, skal, að svo miklu leyti sem hann hefir ekki verið, með sveitarsamþykkt, gjörð-ur að skyldukvöð, greiða af hlutadeigandi sveitarsjóðum á þann hátt, sem venja er til, eða um semur við þá, er borgun eiga að taka. Nú vinnur einhver hreppur svo mikið að því að eyða refum, að kostnaðurinn við það mundi auð-sjáanlega mjög íþyngja hreppsbúum; má þá greiða allt að helmingi úr sýslusjóði, ef sýslunefnd og amtsráð samþykkir það. Reikningar um refaveiðakostnað, sem borgaður er úr hreppssjóði, skulu fylgja sveitarreikningunum sem fylgiskjöl.

93. gr. Um refaveiðaskýrslur.

Um nýár hvert skulu hreppsnefndir senda sýslunefndinni skýrslu fyrir liðið ár um tilraunir þær, sem gjörðar hafa verið til eyðingar refa og árangur-inn af þeim. Ein skýrsla nægir fyrir Flóahreppa alla og Skeið, og skal sá semja hana, sem hlutadeigandi hreppsnefndir fela það.

Refaveiðaskýrslur skulu vera þannig lagadar, nema sýslunefndin breyti um snið á þeim:

1. Var mikill bitur í afrjetti eða byggð?
2. Var grenja leitad í afrjetti eða byggð?
3. Hve margir menn leitudu á hvorum staðnum?

4. Hve lengi stóð leitin yfir?
5. Hve mörg gren fundust?
6. Hve margir lágu við gren?
7. Hve lengi var legið við gren?
8. Hvernig voru grenin unnin?
9. Hve mörg fullorðin dýr voru unnin?
10. Hve margir yrðlingar voru unnir?
11. Voru refir skotnir?
12. Var notaður dýrabogi, og með hverjum árangri?
13. Var eitrad fyrir dýr, og með hverjum árangri?
14. Hvaða eitur var notað?
15. Hvernig var eitrið útbúið?
16. Hvað var helzt eitrad: hross, sauðfje, rjúpur eða annað?
17. Hve mikið var brúkað af hverju fyrir sig?
18. Hvað af þessu hefir þótt bezt reynast?
19. Vita menn af gömlum grenjum óleituðum?
20. Ætla menn að refir komi af annara afrjettum, og þá hvaðan?
21. Hver ráð ætla menn sju bezt til að útrýma bit?

XII. kafli.

Almennar ákvarðanir.

94. gr. Um úrskurðarvald.

Í öllum þeim atriðum, er eigi er minnst á í þessari reglugjörð, en eru samkyns eða skyld að efni, skulu hreppsnefndir ráða því, er snertir þeirra eigin sveitir, þó svo að það komi ekki í bága við landslög nje reglugjörð þessa, nje skerði skýlausan rjett annara sveitarfjelaga. Bera skulu hreppsnefndir þau atriði þessu viðkomandi, er þær hafa ástæðu til að ætla, að almenning varði, undir sveitunga sína, og ber þeim að taka sem mest tillit til óska almennings, ef þær eru á rökum byggðar, en skera verða hreppsnefndir úr sjálfar, ef á greinir. Sýslunefnd ræður í þeim atriðum, þar sem hagsmunir tveggja hreppa eða fleiri koma í bága hver við annan. Þó getur hún gefið leyfi til, að hjeradlútandi mál, sem að lögum bera undir hana, sju lögd í gjörð. Amtsráðið ræður, ef í málum þessum greinir á við aðrar sýslur, og landshöfðingi, er greinir á við annan landsfjórðung.

95. gr. Um sektir og málsóknir.

Brot gegn reglugjörð þessari varða 1—100 kr. sektum. Uppljóstrar-menn eiga heimtingu á fjórðungi sektar, en hinn blutinn rennur í sveitarsjóð þess hrepps, sem brot er framið í. Sje brotið framið í afrjetti, skal svo álíta sem það sje brotið í þeirri sveit, sem næst liggur þeim afrjetti.

Mál útaf brotum gegn reglugjörð þessari skal fara með sem almenn lög-reglumál.

96. gr. Um ógildingu eldri ákvarðana.

Fjárskilareglugjörð fyrir hreppana milli Þjórsár og Hvítár (Ölfusár) í

Uppprentað blað.

79 Árnæssýslu, staðfest af amtsráði Suðuramtsins 3. júlí 1895, svo og allar eldri á-
5. ágúst kvarðanir, er koma í bága við reglugjörð þessa, skulu úr gildi numdar.

Amtsráð Suðuramtsins, Reykjavík 5. ágúst 1902.

J. Havsteen.

80
6. ágúst

Skýrsla

um fund amtsráðsins í Suðuramtinu 21.—22. júlí 1902.

Ár 1902 21. dag júlímán. var aðalfundur amtsráðsins í Suðuramtinu settur og haldinn í Reykjavík af forseta þess, amtmanni Julius Havsteen ásamt amtsráðsmönnunum, sýslumanni Guðlaugi Guðmundssyni í Kirkjubæjar-
klostri (úr Vesturskaptafellssýslu), síra Skúla Skúlasyni í Odda (úr Rangár-
vallasýslu), prófasti Valdimar Briem á Stóra-Núpi (úr Árnæssýslu), hjeraðslækni Þórði J. Thoroddsen í Keflavík (úr Gullbringu- og Kjósarsýslu) og prófasti síra Guðmundi Helgasyni í Reykholti (úr Borgarfjarðarsýslu).

Forseti lagði fram tilkynningar sýslumannanna í Rangárvallasýslu, Gull-
bringu- og Kjósarsýslu og Borgarfjarðarsýslu um kosning varaamtsráðsmanna,
sem kosnir höfðu verið í stað þeirra, sem misst höfðu sæti í ráðinu vegna þess,
að þeir höfðu flutt sig úr amtinu.

Kosnir höfðu verið:

I. Fyrir Rangárvallasýslu,

sýslunefndarmaður Eyjólfur Guðmundsson í Hvammi í stað Sighvats alþingis-
manns Árnasonar, sem er fluttur til Reykjavíkur, til 31. maí 1904.

II. Fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu:

prófastur síra Jens Pálsson í Görðum, í stað Þorláks bónda Guðmundssonar frá
Fífuhvammi, sem er fluttur til Reykjavíkur, til 31. maí 1904.

III. Fyrir Borgarfjarðarsýslu:

skólastjóri Hjörtur Snorrason á Hvanneyri, í stað síra Ólafs Ólafssonar, sem er
nú í Hjarðarholti í Laxárdal (innan Vesturamtsins), til 31. maí 1907.

Amtsráðið fann ekkert við kosningar þessar að athuga.

Þessi mál komu til umræðu á fundinum:

1. Forseti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Suðuramtsins fyrir 1901, og var hann falinn amtsráðsmanninum úr Gullbringu- og Kjósarsýslu til endurskoðunar.
2. Reikningur yfir tekjur og gjöld búnaðarskólasjóðs Suðuramtsins fyrir 1901 var falinn amtsráðsmanninum úr Rangárvallasýslu til endurskoðunar.
3. Reikningur yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs verðugra og þurfandi þjóð-
jarðalandseta og ekkna þeirra í Suðuramtinu fyrir 1901 var falinn amts-
ráðsmanninum úr Árnæssýslu til endurskoðunar.
4. Ennfremur lagði forsetinn fram reikning yfir tekjur og gjöld búnaðarskólans á Hvanneyri, eða reikning yfir viðskipti ámtsins við búnaðarskólastofn-